

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipting starfa ráðherra:

1. **Bjarni Benediktsson** fer með forsætisráðuneytið.
2. **Eggert G. Þorsteinsson** fer með sjávarútvegsráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið.
3. **Emil Jónsson** fer með utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.
4. **Gylfi Þ. Gíslason** fer með menntamálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.
5. **Ingólfur Jónsson** fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.
6. **Jóhann Hafstein** fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.
7. **Magnús Jónsson** fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 31. desember 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.